



ÍSL 3RT05 DR

Námsáætlun, haustönn 2020

Kennari/kennarar:

Silja Hrund Barkardóttir

Netfang/netföng:

siljahb@bhs.is

Lýsing:

Í áfanganum læra nemendur grunnaatriði ritunar styttri og lengri texta. Þeir nýta fjölbreytt forrit og upplýsingatækni við vinnslu texta og verkefna. Valin atriði í málfræði tekin til umfjöllunar. Lesin ein löng skáldsaga. Greinar um málþroska barna lesnar og spjaldtölvuverkefni í tengslum við það málefni unnin.

Þekking, leikni, hæfni:

Nemendur skulu þekkja aðferðir við ritun og geta samið texta frá eigin brjósti og texta sem byggja á heimildum. Þeir þekki stöðu sína í stafsetningu og geti nýtt sér leiðréttingaforrit eftir þörfum. Eins kunni þeir að leiðrétta nokkrar algengar villur í málfari, geti nýtt kennsluvef við ritunarverkefni og orðabækur á vef.

Þeir þekki eina stóra skáldsögu á íslensku, geti fjallað um hana á gagnrýninn hátt, í ræðu og riti.

Þeir þekki a.m.k. tvö forrit sem nota má til málörvunar barna, geti beitt þeim við slíka vinnu og miðlað skilningi sínum á þeim t.d. í skýrslu eða umræðum.

Þeir öðlist nokkra hæfni til að rita styttri og lengri texta, frumsamda og fræðilega, fjalla um skáldverk, nýta tækni til að bæta málnotkun sína og vinna að málörvun með börnum.

Námsmat:

Málnotkun – verkefnahefti	10%
Ritunarverkefni (3 metin til einkunnar)	15%
Próf úr skáldsögu	10%
Verkefni í heimildaskráningu	5%
Heimildaritgerð	20%
Málörvunarverkefni og skýrsla	20%
iPad-verkefni og skýrsla	20%

Námsgögn:

Karitas, án titils. Skáldsaga.

Ritunarkennsla: <http://skrif.hi.is/ritver/>

Valfrjálst: Handbók um ritun og frágang – ný útgáfa (2010) eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal, Forlagið.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Í hluta áfangans verða notaðar spjaldtölvur. Þá er farið í forrit sem notuð eru til málörvunar ungra barna. Unnið er skapandi verkefni með börnum þar sem möguleikar þessarra forrita eru skoðaðir.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
35	24.-28. ágúst	Lota I. - Kynning	
36	31.ág.- 4. sept.	Verkefni vikunnar: Lesa bernskuminningar og rita bernskuminningu.	Ritunar- verkefni 1 – Bernskuminning
37	7.-11. sept.	Verkefni vikunnar: Rita persónulýsingu. Byrja að lesa <i>Karitas, án titils</i> .	Ritunar- verkefni 2 Persónulýsing
38	14.-18. sept.	Verkefni vikunnar: Rita Starfið mitt og lesa <i>Karitas, án titils</i> að bls. 143.	Ritunar- verkefni 3 – Starfið mitt
39	21.-25. sept.	Verkefni vikunnar: Lesa <i>Karitas</i> bls. 143-236. Krossapróf 1.	Krossapróf 1
40	28.sept- 2. okt.	Verkefni vikunnar: Lesa <i>Karitas</i> bls. 236- til enda 2.hluta.	
41	5.-9. okt.	Verkefni vikunnar: Klára að lesa <i>Karitas</i> . Krossapróf 2. Lota II 9. Október. Kennt verður á forritin Bitsboard og StoryCreator.	Krossapróf 2
42	12.-16. okt.	Verkefni vikunnar: Krossapróf 3. Fara inn á: http://skrif.hi.is/ritver/ og skoða hvernig síðan virkar. Vinna verkefni í heimildaskráningu, skila því. Skoða glærur um heimildaritgerð á Innu. Velja efni í heimildaritgerð og finna heimildir.	Krossapróf 3 Verkefni í heimilda- skráningu
43	19.-23. okt.	Verkefni vikunnar: Efnisgrind og mikilvægi hennar. Lögð drög að efnisgrind og inngangi.	Efnisgrind og inngangi skilað 18. október
44	26.-30. okt.	Verkefni vikunnar: Skrifa heimildaritgerð.	
45	2.-6. nóv.	Skrifa heimildaritgerð.	Skila heimildaskrá
46	9.-13. nóv.	Verkefni vikunnar: Lesa greinar um máltöku og vinna verkefni úr þeim.	Skila heimildaritgerð 10. nóvember
47	16.-20. nóv.	Verkefni vikunnar: Lesa greinar um máltöku og vinna verkefni úr þeim.	Skila verkefni úr greinum um máltöku
48	23.-27. nóv.	Verkefni vikunnar: Vinna málnotkunarhefti bls. 1-19	Skila málnotkunar- hefti
49	30.nóv.-4. des.	Lota III. Verkefni vikunnar: Vinna verkefni í málörvun á iPad. iPad-verkefnið prófað, skýrsla samin. Hér þurfum við að hittast til að skoða saman iPad-verkefnið.	
50	7.-11. des.	Verkefni vikunnar: iPad-verkefnið klárað.	Skila iPadverkefni og skýrslu



51	14.-17. des.	Einkunnaskil	Varða III
----	-----------------	--------------	-----------

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.